

Föstudaginn 13. nóvember 1936.

Nr. 21/1936. Samvinnufélagið „Ernir“

(Lárus Jóhannesson)

gegn

Geir Jóni Helgasyni og gagnsök

(Magnús Thorlacius, cand jur.).

Sameignarfélag sýknað af kröfu eins félagsmanns um reikningsskil og greiðslu ætlaðrar innieignar.

Dómur sjóréttar Hafnarfjarðarkaupstaðar 11. jan. 1936: Stefndu, s. f. Ernir, greiði stefnandanum, Geir Jóni Helgasyni, kr. 593.17 ásamt 5% ársvöxtum frá 20. marz 1935 til greiðsludags og hefir stefnandi sjóveðrétt í e. s. Örn G. K. 5 fyrir hinum tildæmdu upphæðum.

Málskostnaður fellur niður.

Dómi þessum ber að fullnægja innan þriggja sólarhringa frá lögbirtingu hans, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefir skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu, útgefinni 20. febr. þ. á., og gert þær dómkröfur, *aðallega*, að hann verði algerlega sýknaður í málinu, en *til vara*, að hann verði einungis dæmdur til að greiða kr. 274.13 ásamt 6% ársvöxtum frá 20. marz 1935 til greiðsludags. *Til þrautavara* krefst hann þess, að hin dæmda fjárhæð verði færð niður í kr. 304.13 ásamt 6% ársvöxtum frá 20. marz 1935 til greiðsludags. Loks krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir hæstarétti, hvernig sem málið fer.

Gagnáfrýjandi hefir, að fengnu gjafvarnar- og gjafsóknarleyfi dags. 24. júní þ. á., gagnáfrýjað málinu með stefnu dags. 9. júlí þ. á. og gert eftirtaldar dómkröfur: *aðallega*, að aðaláfrýjandi verði

dæmdur til að inna af hendi fullnægjandi reikningsskil fyrir útgerð skipsins „Örn“ G. K. 5 og til að greiða gagnáfrýjanda inneign hans samkvæmt téðum reikningsskilum ásamt 6% í ársvöxtu frá 20. marz 1935, unz greitt verður, en *til vara*, að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða honum kr. 626.00 ásamt 6% í ársvöxtu frá 20. marz 1935, unz greitt verður, og *til þrautavara*, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur, að fráskildu málskostnaðarákvæði hans. Hvernig sem málið fer krefst gagnáfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir hæstarétti, eins og mál þetta væri ekki gjafvarnar- og gjafsóknarmál, enda verði talsmanni hans ákveðin hæfileg þóknun fyrir flutning málsins bæði í héraði og fyrir hæstarétti. Ennfremur krefst gagnáfrýjandi þess, að viðurkenndur verði í dómnum sjóveðréttur í e/s „Örn“ G. K. 5 eða vátryggingarfjárhæð þess skips fyrir upphæðum þeim, er aðaláfrýjandi yrði dæmdur til að greiða honum. Verði kröfur gagnáfrýjanda ekki teknar til greina, krefst hann þess þó, að talsmanni hans verði dæmd hæfileg þóknun af almannafé fyrir flutning málsins bæði í héraði og fyrir hæstarétti.

a) *Aðalkrafa gagnáfrýjanda.* Gagnáfrýjandi telur, að stjórn samvinnufélagsins „Ernir“ hafi ekki innt af hendi nægileg reikningsskil um afrakstur af útgerð skipsins „Örn“. Segir hann ákvæði félagssamningsins um ráðstöfun arðsins flókin og séu reikningsskil nauðsynleg, til þess að komast að raun um, hversu mikil sé inneign hans hjá félaginu. Samkvæmt 18. gr. téðs félagssamnings skal almanaksárið vera reikningsár félagsins og skal reikningsskilum lokið svo tímanlega, að endurskoðun geti farið fram fyrir aðalfund, en aðalfund-

ur félagsins skal, samkvæmt 15. gr. sama félags-
samnings, haldinn ár hvert eigi síðar en 15. marz.
Í 15. gr. segir ennfremur, að stjórn félagsins skuli
á aðalfundi m. a. skýra frá hag félagsins og starf-
semi á liðnu ári. Þar skulu teknar ákvarðanir um
tillögur félagsstjórnarinnar um ráðstöfun á ársarði
og um tillögur endurskoðenda varðandi úrskurðun
á ársreikningum fyrir umliðið ár. Af hálfu aðalá-
frýjanda var því í héraði haldið ómótmælt fram,
að aðalfundur téðs félags hafi verið haldinn hinn
11. júní 1934 og að gagnáfrýjandi hafi verið mætt-
ur á þeim fundi. Hafi endurskoðaðir reikningar fé-
lagsins fyrir hið liðna starfstímabil verið lagðir þar
fram, upplestir og samþykktir af fundarmönnum,
þar með töldum gagnáfrýjanda. Þykir gagnáfrýj-
andi af þessum sökum ekki eiga kröfu til frekari
reikningsskila fyrir tímabilið frá stofnun félagsins
til ársloka 1933.

Í hæstarétti hefir umboðsmaður aðaláfrýjanda
lagt fram nokkur ný skjöl. Bendir hann á, að á
meðal þeirra sé ágrípsendurrit úr gerðabók téðs
samvinnufélags um aðalfund, sem haldinn hafi
verið í félaginu hinn 12. júní 1935. Umboðsmaður
gagnáfrýjanda mótmælir því, að málið sé dæmt
með hliðsjón af hinum nýju plöggum og færir það
mótmælum sínum til stuðnings, að hvorki hafi að-
aláfrýjandi aflað novaleyfis né ágríp af hinum nýju
skjölum legið svo lengi frammi á skrifstofu hæsta-
réttar, sem fyrir er mælt í 36. gr. hæstaréttarlaga
nr. 112 frá 1935. Gegn mótmælum gagnáfrýjanda
geta áminnt skilríki ekki komið til álita í málinu.
Þess er þegar getið, að samkvæmt félagssamningi
fyrir s/f „Ernir“ skal aðalfundi félagsins halda ár-
lega og leggja þar fram endurskoðaða reikninga

félagsins. Gagnáfrýjandi hefir hvorki mótmælt því, að aðalfundur hafi verið haldinn 1935 né að honum hafi verið þess kostur að mæta þar og gagnrýna reikninga félagsins fyrir árið 1934. Að framangreindum atriðum athuguðum þykir bera að sýkna aðaláfrýjanda af aðalkröfu gagnáfrýjanda í máli þessu.

b. *Varakröfur gagnáfrýjanda.* Svo sem í hinum áfrýjaða dómi segir telur gagnáfrýjandi, að aðaláfrýjandi hafi án heimildar fært honum til gjalda á viðskiptareikningi þeirra eftirtaldar fjárhæðir og haldið þeim eftir við lokaskipti aðiljanna.

1. Greiðsla til Júlíusar Sigurðssonar ..	kr. 396.00
2. Greiðsla til Guðmundar Þórðarsonar	— 195.00
3. Reikningur offærður til skuldar um	— 5.00
4. Sjúkrakostnaður	— 30.00

Samtals kr. 626.00

Gerir gagnáfrýjandi það að varakröfu sinni, að honum verði dæmd fjárhæð þessi með vöxtum, eins og að framan segir. Skulu nú hinir einstöku liðir kröfu þessarar teknir til athugunar.

Um 1. og 2. Þeir Júlíus Sigurðsson og Guðmundur Þórðarson voru ráðnir af framkvæmdastjóra s/f „Ernir“ til að vinna störf gagnáfrýjanda í veikindaförföllum hans. Samkvæmt 6. gr. félagssamningsins er félagsmanni, sem er fjarverandi um stundarsakir vegna veikinda, heimilt að setja annan mann í sinn stað, sem skipstjóri tekur gildan. Telji skipstjóri og félagsstjórn ekki þörf að fá mann í skarðið, skal skiprúmið standa autt á meðan, en um þátttöku hins fjarverandi manns í hlutaskiptum fer eftir ákvörðun félagsstjórnar. Af téðu ákvæði virðist mega ráða það, að sá félagsmaður,

sem fjarvistum er vegna veikinda, skuli bera kostnaðinn af því, ef fá þarf mann í hans stað á skipið. Gagnáfrýjanda, sem var stýrimaður á skipi félagsins, mátti vera það ljóst, að fá þurfti stýrimann í hans stað á skipið, meðan hann var fjarvistum. Þar sem hann ekki benti á mann, sem tekið gæti við starfi hans, þá var forráðamönnum félagsins heimilt að ráða mann í hans stað og færa honum kostnaðinn við það til gjalda. En greiðslum þessum hefir ekki verið mótmælt á þeim grundvelli, að þær væru ósanngjarnlega háar. Ennfremur hefir því ekki verið hnekkkt, að gagnáfrýjandi hafi samþykkt greiðslur þær, er hér um ræðir, með kvittun sinni á reikning þann, sem aðaláfrýjandi gerði um inneign hans og útborganir til hans, þar á meðal þessar fjárhæðir.

Um 3. Reikningur sá, er hér skiptir máli, er talinn vera frá veitingahúsi í Keflavík. Því hefir ekki verið mótmælt nægilega í héraði, að gagnáfrýjandi hafi samþykkt reikning þenna með kvittun sinni á áminnztan útborgunarlista og getur krafa hans varðandi þenna lið þessvegna ekki orðið tekin til greina.

Um 4. Hér er um að ræða aukakostnað, sem stafar af því, að gagnáfrýjandi bjó í veikindum sínum á tvíbýlisstofu á sjúkrahúsi í stað fjölbýlisstofu. Það er ekki sannað í málinu, að gagnáfrýjandi hafi ekki getað fengið inni á fjölbýlisstofu. Þykir þessvegna ekki ástæða til að taka kröfu hans varðandi þennan lið til greina.

Samkvæmt framansögðu verður að líta svo á, að gagnáfrýjandi eigi enga kröfu á hendur aðaláfrýjanda, s/f „Ernir“. Ber því að taka til greina kröfu aðaláfrýjanda um sýknu í máli þessu. Eftir þess-

um úrslitum málsins þykir rétt að dæma gagnáfrýjanda til að greiða aðaláfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti og þykir hann hæfilega ákveðinn samtals kr. 300.00, en málflutningslaun skipaðs talsmanns gagnáfrýjanda í héraði og fyrir hæstarétti, sem ákveðast kr. 150.00, greiðist úr ríkissjóði.

Því dæmist rétt vera:

Aðaláfrýjandi, s/f „Ernir“, á að vera sýkn af kröfum gagnáfrýjanda, Geirs Jóns Helgasonar, í máli þessu.

Málflutningslaun hins skipaða talsmanns gagnáfrýjanda, cand. jur. Magnúsar Thorlacius, kr. 150.00, greiðist úr ríkissjóði.

Gagnáfrýjandi greiði aðaláfrýjanda kr. 300.00 í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað fyrir sjóréttinum með stefnu, birtri 23. marz s. l. af Geir Jóni Helgasyni, gegn stjórn s. f. Ernir f. h. nefnds samvinnufélags og gerir hann, sem fengið hefir gjafsókn í málinu, þær kröfur fyrir réttinum, að stefndu verði með dómi skyldaðir til að gera fullnægjandi reikningsskil fyrir útgerð skipsins Örn G. K. 5, og greiða innieign stefnanda samkvæmt téðum reikningsskilum.

Til vara gerir stefnandi þær kröfur, að stefndu verði dæmdir til að greiða sér kr. 600.00 auk 6% ársvaxta frá 20. marz s. l. til greiðsludags og í hvoru tilfelli sem er krefst hann málskostnaðar að skaðlausu, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál, og að viðurkenndur verði sjó-

veðréttur í e. s. Örn. G. K. 5 fyrir hinum umstefndu upphæðum.

Stefndu krefjast hinsvegar sýknu og málskostnaðar eftir mati réttarins.

Málavextir eru þessir:

Þann 28. sept. 1932 var stofnað samvinnuútgærðarfélagið Ernir í Hafnarfirði. Stofnendur þess voru skipverjar á e. s. Pétursey G. K. 277, er þá var nefnt að nýju Örn G. K. 5 og skráð í Hafnarfirði. Stofnendum var skylt að gegna skipverjastörfum á skipinu, svo framarlega sem þeir hefðu heilsu til. Var stefnandi stýrimaður skipsins.

Þann 17. apríl 1934 fór stefnandi úr skiprúmi vegna veikinda, en kom aftur í skiprúm 12. maí s. l. Á þessum tíma gegndi Júlíus Sigurðsson stöðu stefnanda á skipinu og var hann til þess ráðinn af formanni og framkvæmdarstjóra félagsins.

Stefnandi varð aftur að fara úr skiprúmi 19. s. m. vegna veikinda. Réðu þá formaður og framkvæmdarstjóri félagsins Guðmund Þórðarson í hans stað.

Skipið fór síðar á sildveiðar seint í júnímánuði, en þá lá stefnandi enn á sjúkrahúsi, en kom í skiprúm nokkru eftir að skipið fór á sildveiðar.

Stefndu í málinu hafa lagt fram reikning yfir viðskipti stefnanda og er hann þar skuldaður fyrir kr. 396.00, sem greitt hefir verið Júlíusi Sigurðssyni stýrim., og kr. 195.00, sem greiddar hafa verið Guðmundi Þórðarsyni, stýrim. Ennfremur er stefnandi skuldaður um kr. 10.00, er greiddar höfðu verið samkvæmt reikningi frá Keflavík fyrir stefnanda. Niðurstaða reikningsins sýnir skuld stefnanda kr. 1.85.

Liðum þessum mótmælir stefnandi sem röngum. Fullyrðir hann, að reikningurinn úr Keflavík hafi ekki numið nema kr. 5.00, og sé hann í þeim lið skuldaður um of um kr. 5.00.

Upphæðunum til Júlíusar og Guðmundar mótmælir siefnandi sem sér óviðkomandi og byggir á því, að annar hafi verið ráðinn án sinnar vitundar og hinn gegn mótmælum sínum, enda beri sér að fá greiddan aflahlut, jafnt sem aðra skipverja, þar eð hann hafi lögleg forföll og beri sér ekki að standa straum af ráðningu manna, er unnu verk hans á skipinu á meðan.

Þá hefir stefnandi og komið að án framhaldsstefnu, með samþykki stefndu, nýrri kröfu, að upphæð kr. 30.00, vegna legukostnaðar stefnanda á sjúkrahúsi í Reykjavík. Fór fram árangurslaus sáttatilraun um kröfu þessa, sem þannig er til komin, að þegar stefnandi lagðist á sjúkrahús í Reykjavík, var ekki til nema tveggja manna stofa, sem var nokkru dýrari en fleirbýlisstofa. Var legukostnaður stefnanda greiddur, að því er stefnandi fullyrðir, af Sjúkra-samlagi Reykjavíkur, en stefndu fullyrða, að þeir hafi greitt hann, nema umræddar kr. 30.00, sem stefndu töldu sér ekki skylt að greiða. En upphæð þessi er mismunur á verði tvíbýlisstofu og einbýlisstofu yfir legutíma stefnanda.

Undir rekstri málsins hefir stefnandi því sundurliðað varakröfur sínar þannig:

1. Ofreiknaður reikn. frá Keflavík	kr. 5.00
2. Greiðsla til Júlíusar Sigurðssonar	— 396.00
3. Greiðsla til Guðmundar Þórðarsonar	— 195.00
4. Sjúkrakostnaður	— 30.00

Alls kr. 626.00

Kröfum stefnanda hafa stefndu mótmælt sem röngum og rakalausum. Aðalkröfunni, að stefndu geri reiknings-skil og greiði stefnanda samkvæmt þeim, hefir stefndur mótmælt með því, að á aðalfundi í s. f. Ernir 11. júní 1934 hafi verið lagður fram endurskoðaður reikningur félagsins fyrir árið 1933 og verið samþykktur. Er þetta ekki véfengt af stefnanda. Þá hafa stefndu og haldið fram, að stefnandi hafi 12. des. 1934 selt eignarhluta sinn í s. f. Ernir, sem var einn átjándi hluti félagsins með öllum þeim réttindum og skyldum, sem þeim hlut fylgdu og sé stefnandi því ekki réttur aðili til að krefjast reikningsskila fyrir árið 1934.

Stefnandi hefir hinsvegar haldið því fram, að hann hafi ekki selt nefndan hlut sinn í s. f. Ernir fyrr en 10. apríl 1935, en þann dag hefir hann með áritun á samninginn lýst því yfir að greiðsluskilmálum sé fullnægt og sé kaupandi réttur eigandi að hluta stefnanda, sem til þess tíma hafi staðið á hans nafni.

Rétturinn lítur svo á, að atriði þetta geti ekki skipt máli um úrlausn á máli þessu, því enda þótt stefnandi

hafi selt eignarhluta sinn í félaginu 12. des. 1934 hefir hann ekki þar með framselt kröfu þá, er hann kann að eiga á hendur stefndu félagi, umfram aðra félagsmenn.

Hinsvegar þykir aðalkrafa stefnanda, um ný reikningskil af hálfu stefndu, ekki á nægum rökum byggð, og koma þá til álita varakröfur hans.

1. Hvað snertir 1. lið varakröfunnar (ofreiknaður reikningur frá Keflavík 5 kr.) hvílir sönnunarbyrðin á stefndu um að upphæðin, sem greidd var vegna stefnanda, hafi verið kr. 10 — í stað kr. 5 — þar eð þeir greiddu kröfu þessa og var því sjálfsagt fyrir þá að tryggja sér sönnun fyrir greiðslunni. Þar sem greiðsla þessi hefir ekki verið sönnuð, ber að taka til greina kröfu stefnanda að þessu leyti.

2. Rétturinn lítur svo á, að stefnanda í máli þessu hafi horið að fá arð af rekstri félagsins til jafns við aðra félagsmenn, enda þótt hann forfallaðist úr skiprúmi vegna veikinda. Tjón félagsins vegna veikinda stefnanda nam upphæðum þeim, sem greiddar voru til manna þeirra, er teknir voru í hans stað eða kr. 396.00 + 195.00 = kr. 591.00. Tjón þetta átti að lenda á félagsmönnum í jöfnu hlutfalli við eign hvers í félaginu, og þar sem upplýst er að stefnandi átti $\frac{1}{18}$ hluta í félaginu, bar honum og að taka á sig greiðslu á $\frac{1}{18}$ hluta af framangreindri upphæð. Samkvæmt þessu verða varakröfuliðir stefnanda nr. 2—3 teknir til greina að $\frac{1}{18}$ hlutum og ber stefndu því að greiða honum kröfuliði þessa með kr. $591.00 \div 32.83 =$ kr. 558.17.

3. Að því er snertir 4. varakröfulið stefnanda kr. 30.00 (sjúkrahúskostnaður) verður samkvæmt 28. gr. laga nr. 41 19. maí 1930 að taka hana (sic) til greina og getur það naumast skipt máli þótt kostnaður þessi hafi orðið til vegna þess að sjúkrahúsvist stefnanda var nokkru kostnaðarsamari fyrir það, að hann varð að dvelja á tvíbýlisstofu í sjúkrahúsinu í stað fleirbýlisstofu.

Samkvæmt framanskráðu ber því að dæma stefndu til að greiða stefnanda kr. 593.17 ásamt vöxtum frá 20. marz 1935, er þykja hæfilega ákveðnir 5%.

Þá verður og að taka til greina kröfu stefnanda um sjóveðrétt fyrir hinu tildæmda.

Eftir atvikum þykir rétt að málskostnaður verði látinn niður falla.